

Fundur 1 í Deltadeild 10. október 2018 í Grunnskólanum í Borgarnesi kl. 18

Boðið var upp á kaffisopi áður en gengið var til dagskrár.

Fyrsta efni fundarins var kynning Elínar Kristinsdóttur kennara í Grunnskóla Borgarness á „Búbblunni“ í starfi sínu með nemendum. Elín kynnti sig og sagði frá slökunartímum, Hugarró og velferð, sem hún býður nemendur og starfsmönnum skólans að taka þátt í. Skólinn hefur stutt hana í verkefninu, sem hún byggir á meistaraverkefni sínu í Jákvæðri sálarfræði. Mikil ánægja er með verkefnið og þátttaka góð, en þátttakan er valfrjáls.

Formaður þakkaði henni fyrir fróðlegt erindi og afhenti henni rós og kynningarbækling um samtökin er hún kvaddi okkur að loknu borðhaldi.

Fundur

Formaður, Jónína Eiríksdóttir setti fundinn og bað Elíabetu að kveikja á kertum.

Hún bauð félagskonur velkomna, sérstaklega gestinn okkar Gunnhildi Björnsdóttur og bað hana að kynna sig á eftir. Í fjarveru Dagnýjar ritara bað formaður Halldóru að taka að sér að rita fundargerð.

Nafnakall og kveðjur.

Formaður sagði frá því að Inga Stefánsdóttir er hætt í deildinni. Ingibjörg Kristleifsdóttir hefur sótt um flutning til okkar. Við munum ræða við deildina hennar í Reykjavík, Kappadeildina og formaður bar upp, hvort einhver sér meinbugi á að hún fái inngang hjá okkur. Það má láta vita í tölvupósti á næstu dögum.

Kona kynnir sig:

Gesturinn, Gunnhildur Björnsdóttir sagði okkur stuttlega frá sjálfri sér. Gunnhildur er kennari í Grundaskóla á Akranesi, en er í námsleyfi þetta skólaár.

Dagskrá vetrarins kynnt og rædd. *Yfirlit yfir starf og áætluð dagskrá í Deltadeild starfsárið 2018-2019, lagt fram.*

Rætt um vefsíðumál. Sigrún vakti athygli á því að nauðsynlegt er að deildir hafi dagskrár sínar á vefnum. Hvenær fundir eru svo hægt sé að heimsækja aðrar deildir ef svo ber undir. Þar eiga líka að vera upplýsingar um núverandi stjórn og nýjustu fréttir.

Skilaboð frá Landssambandsstjórn

Framkvæmdaráðsfundur var í Rvk. 8. sept.

Jónína vakti athygli á flípanum „Þekkingarforðinn“ á vefsíðu samtakanna, dkg.is. Á þessari síðu verður birt yfirlit yfir efni sem DKG konur eru tilbúnar að miðla til annarra, t.d. á deildarfundum, ráðstefnum og þingum og jafnvel út fyrir raðir samtakanna. Deltakonur hvattar til að setja þar inn upplýsingar um sig og hvað þær séu tilbúnar til að miðla.

Myndir við félagatal á heimasíðunnin, Jónína bar upp tillögu hvort við getum sammælst um að láta taka af okkur mynd á desemberfundinum og var það samþykkt.

Vefurinn þarf samþykki yfirstjórnarinnar – nauðsynlegt að fylla út form 72 fyrir 31. okt. Ásta og Gulla sögðu lítillega frá því. Þær sem voru mættar merktu í skjalið, hver fyrir sig.

Evrópupingið verður í síðustu viku júlímánaðar, 25.-27. júlí á næsta ári og það mun kalla á krafta okkar, sem við munum ekki spara. Nú þegar er Ásta í nefnd, viðburðanefnd. Fleiri verða kallaðar. Huga að því hvort fyrirtæki á svæðinu séu tilbúin að gefa gjafir.

Stjórnarfréttir

Stjórnarskiptafundur deildarinnar var haldinn í Landnámssetrinu 4. sept. Formaður sagði stuttlega frá stjórnarskiptum: Jónína formaður, Þórunn varaformaður, Dagný ritari, Jónína Erna meðstjórnandi, sem skiptir svo sæti við Þórunni næsta haust. Til að geta tekið við formannsembættinu eftir 2 ár. Sóley gjaldkeri, Guðlaug fráfarandi formaður, ráðgefandi. Stjórnarfundur, framkvæmdaráðsfundur Deltadeildar var haldinn heima hjá Sóleyju þann 10. sept. s.l.. Þar skiptum við með okkur stjórnarstörfum, settum fram hugmyndir og óskir um efni á vetrardagskrá, þær eru listaðar í grófum dráttum á blaði, sem lagt var fram með dagskrárdrögum.

Formaður bar upp þá ósk að við tengdumst enn sterkari böndum en við gerum - til dæmis fyrir fundina - gáum hver að annarri, hugsum svæðin í

heild, sem hringist á og segi fréttir af þeim sem ekki mæta - og kveðjur. Skoðum það og hvort við gerum eina ábyrga á hverju svæði. Sóley gjaldkeri tók til máls, minnti á að árgjald verðum við að greiða fyrir miðjan október. Tók fram að heimtur væru mjög góðar. Félagatalið, fylgjast með að allt sé þar satt og rétt.

Dagskrá vetrarins – drög lögð fram og skoðuð - leitað eftir athugasemdum. Formaður sótti um leyfi til að móta hana, því hún er ekki fullmótuð enn. Samþykkt.

Næsti fundur verður 1. des í Reykholti og formaður leggur til að hafa fundinn eftir tónleikana með Jónínu Ernu og co. Samþykkt. Fréttir af fundi með Lambdadeild Kolbrúnar Pálsdóttur.

Jóhanna Karlsdóttir lyfti smávegis frá tjöldum sinnar persónu, kynnti sig og valdi lag til að syngja.

Í lokin var afmælisbörnum (í ár og í fyrra), sem viðstaddar voru færða rósir og myndataka af hópnum.

Þrúður 80 ára,

Sóley 60 ára,

Sigrún 70 ára,

Jónína Erna 40 ára.

Matur – Happdrætti. Gestur fundarins, Gunnhildur Björnsdóttir hlaut happdrættisvinninginn.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Halldóra Jónsdóttir.